

Ed.

228. Frumvarp til laga

[126. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijörðina Bakkasel fyrir verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Öxnadalshrepps. Í bréfi oddvita hreppsins til fyrra flutningsmanns segir svo:

„Sveitarstjórn Öxnadalshrepps hefur einróma samþykkt að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það heimili Öxnadalshreppi að kaupa land ríkisjarðarinnar Bakkasels í Öxnadalshreppi eftir nánari samningi þar um.

Svo sem kunnugt er, hefur jörðin Bakkasel verið úr ábúð og ónytjuð í tvö undanfarin ár að öðru en því, að Öxnadalshreppur hefur haft landið á leigu og notað sem afrétt. Líkurnar fyrir því, að jörðin fari í ábúð á næstu árum, virðast mjög litlar, út frá því séð, hver þróunin er í hinum afskekktu byggðum. Hins vegar mundi sveitarstjórnin sízt hafa á móti því, ef einhver óskaði að taka sér búsetu þar, og fúslega leigja landið þeim, er þar vildi setjast að.

Að þessu athuguðu lítur sveitarstjórnin svo á, að bezta lausn þessa máls væri sú, að hreppurinn eignist land jarðarinnar til ráðstöfunar á hverjum tíma. Marga bændur vantar gott land til sumarbeitar, sem þarna er fyrir hendi.

Sjálfsgagt þykir, að ríkið starfræki sæluhús í Bakkaseli framvegis eins og hingað til í sambandi við vetrarferðir yfir Öxnadalshéiði, annaðhvort í hinu gamla húsi eða með nýbyggingu á hentugri stað.“